

## 2. gr.

5. gr. laga nr. 83/1974 hljóði svo:

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

## 3. gr.

Í stað „1981“ í 16 gr. laga nr. 83/1974 komi: 1982.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Hjörleifur Guttormsson.*

31. desember 1981.

Nr. 90.

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 15. mgr. laganna (sbr. 23. gr. llnr. 48/1968) bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis, nema gild ástæða sé til annars.

## 2. gr.

Í stað „Þegar þrjár vikur eru til kjördags“ í 20. gr. laganna komi: Þegar tvær vikur eru til kjördags.

## 3. gr.

21. gr. laganna breytist þannig.

1. Í stað „fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag“ í 1. mgr. komi: fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag.

2. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómara eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðilinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.

## 4. gr.

Í stað orðsins „sunnudagur“ í 57. gr. laganna komi: laugardagur.

Nr. 90.

300

31. desember 1981.

5. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

Nr. 91.

## LÖG

31. desember 1981.

**um breyting á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrtækja  
(verslunarlánasjóð).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Tómas Arnason.